

um heyrnar- og talmeinstöð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkiásmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

4. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið gerir tillögur um einn mann, Tryggingastofnun ríkisins um einn, Samband ísl. sveitarfélaga um einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra og Heyrnarhjálpi einn sameiginlega, Sérkennarafélag Íslands, talkennaradeild einn og Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn.

5. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutunar heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsóknar.

6. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaupum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náð samstarf við Háls-nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

7. gr.

Stofnunin hefur umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skal þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um

sérdeildir heyrnardauffra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk.

8. gr.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Slíkar deildir skulu starfa í samráði við stofnunina í Reykjavík.

9. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tildrög þessa frumvarps eru þau að á ofanverðum sl. vetri skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem fékk það hlutverk að gera tillögur um skipulagt samstarf háls- nef- og eyrnardeildar Borgarspítala, heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og félagsins Heyrnarhjálpar. Í nefndinni áttu sæti: Björn Önundarson, tryggingayfirlæknir, sem var formaður, Stefán Skaftason, yfirlæknir, Erlingur Þorsteinsson, yfirlæknir, Birgir Ás Guðmundsson, forstöðumaður, og Hallgrímur Sæmundsson, yfirkennari.

Nefndinni var ennfremur falið að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi.

Nefndin skilaði ítarlegu álit á öndverðu síðastliðnu sumri í formi tillagna um heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Er frumvarp það, sem hér er lagt fram að miklu leyli byggð á tillögum nefndarinnar.

Það er álit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þessi mál með lögum, bæði vegna þeirrar samræmingar, sem þeim er ætlað að hafa í för með sér og þess kostnaðar, sem af þeim mun leiða.

Forsaga þessa máls er í raun orðin nokkuð löng. Árið 1937 var félagið Heyrnarhjálpar stofnað. Markmið þess félags var í öndverðu og er enn að bæta úr höli þeirra, sem þíást af heyrnardeyfu. Hefur félagið m. a. séð um innflutning og sölu á heyrnartækjum ásamt tilheyrandi leiðbeininga- og viðgerðarþjónustu.

Félagið hefur notið nokkurs styrks frá ríkinu og hefur styrknum verið varið til þess að kosta ferðir sérþjálfaðs starfsmanns út á land á sumrin. Hefur félagið þannig haldið uppi bráðnauðsynlegri þjónustu, sem ekki er hægt að gera kröfu til að félagasamtök annist. Ber því brýna nauðsyn til, að mati ráðuneytisins, að hið opinbera taki að sér jafnsjálfsagða þjónustu.

Árið 1962 var komið á fót vísi að heyrnarstöð á Íslandi. Var hún til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og rekin á vegum borgarinnar Störfuðu þar aðeins einn heyrnarritari og læknir. Árið 1966 fékk heyrnarstöðin sterra húsnæði og aukin starfslið. Var nafninu há breytt í Heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og starfsemi stóráukin. Starfsemi, sem farið hefur fram á vegum Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, er heyrnarmælingar á skólabörnum, almennar heyrnarmælingar inni á deildinni og úthlutun heyrnartækja og heyrnarmælingar á vinnustöðum, auk þjálfunar hópa og einstaklinga.

Við Borgarspítalann í Reykjavík var um áramótin 1969—1970 sett á stofn fyrsta og eina háls- nef- og eyrnardeildin á Íslandi. Starfsemi deildarinnar er fyrst og fremst fólgin í skurðaraðgerðum, m. a. heyrnabætandi aðgerðum, sem ekki eru framkvæmdar á öðrum síúkrahúsum hér á landi. Auk þess er þar rekin umfangsmikil göngudeildarstarfsemi.

Vísir er að heyrnardeild við Heilsuverndarstöð Akureyrar. Nýtur hún faglegrar fyrirgreiðslu Heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Með stofnun heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands er ráð fyrir því gert að starfsemi félagsins Heyrnarhjálp og heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur verði sameinuð og rekstur háls- nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans haldi áfram. Ennfremur er gert ráð fyrir því að stofnunin kaupi þau tæki og þann búnað sem félagið Heyrnarhjálp og eyrnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hafa undir höndum allt eftir nánari samkomulagi við þá aðila.

Eitt af markmiðum stofnunarinnar verður að tryggja það, að ávallt sé hér á boðstólum fullkominustu tegundir heyrnartækja og annarra hjálpartækja. Einnig þarf að tryggja að viðgerðarþjónusta verði sem best verður á kosið. Innan stofnunarinnar verður að starfa sérþjálfað fólk til að leiðbeina sjúklingum og þjálf þá svo að fullkomin nýting náist út úr hjálpartækjunum. Á það má minna að meiri hluti þeirra, sem hafa skerta heyrn eru ellilífeyrisþegar. Þarf að kappkosta að ná til sem flestra þeirra m. a. með ferðalögum út á land. Á árinu 1976 leituðu 652 aðilar aðstoðar til starfshóps félagsins Heyrnarhjálp en í þeim starfshópi voru læknir, sérmenntaður í heyrnarfræði, fulltrúi með þekkingu og áratugareynslu í meðferð heyrnartækja svo og maður sem aðallega annaðist heyrnar-mælingar og smíði á eyrnatöppum auk margs annars. Hefur orðið mikil aukning á tölum þeirra, sem leita til félagsins hin síðustu ár. Er því auðsýnt að þörfin er mikil og vaxandi á þessum vettvangi. Má hér benda á, að fræðsla á þessu sviði hefur ekki verið mikil þannig að víst er að margir þeirra, sem þurfa á slíkri þjónustu að halda hafa ekki notið hennar.

Með hliðsjón af framanrituðu er umrætt frumvarp fram borið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að hún verði í eigu þess algjörlega. Hér er kveðið á um nafngift stofnunarinnar, starfslið og menntun þess. Til þess að stofnunin þjóni tilgangi sínum þarf að starfa þar yfirlæknir í fullu starfi og þarf slíkur læknir að vera sérmenntaður í heyrnarfræði. Yrði hann yfirmaður allrar sérfræðivinnu stofnunarinnar. Ennfremur þurfa að vera við stofnunina starfandi heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkmásmiðir ásamt aðstoðarfólki svo sem ritara. Yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur mundi sjá um skipulagningu á heyrnar- og taluppeldisfræði í samráði við yfirlækni.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um rekstur stofnunarinnar og er gert ráð fyrir því að sjúkra-tryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði í samræmi við þær reglur, sem sjúkratryggingadeildin greiðir eftir til sjúkrahúsa og að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði. Skipting greiðslna á milli sveitarfélaga færi þá eftir nánara samkomulagi þeirra á milli.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um skipun yfirlæknis í embætti og fer um þá skipun samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Greinin kveður einnig á um skipun yfirheyrnar- og taluppeldisfræðings. Aðrir starfsmenn en yfirlæknir og yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur skulu ráðnir beint af stjórn stöðvarinnar.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um stjórnlega yfirstjórn stöðvarinnar og um það að henni skuli skipuð sérstök stjórn. Gert er ráð fyrir því að þeir aðilar, sem mest koma

nærri þessum málum hafi tilnefningarrétt í stjórn stöðvarinnar, sem skipuð skal 7 mönnum.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk stofnunarinnar, sem er fyrst og fremst að skipuleggja og sjá um allt er við kemur heyrnaruppeldisfræði svo og kennslu í heyrnariækjameðferð og ýmis námskeið fyrir heyrnardaufa, einstaklinga eða hópa t. d. þjálfun í varalestri, heyrnarþjálfunarkennslu, þar sem tekin eru fyrir ýmis vandamál heyrnardaufra, svo sem eðli heyrnardeyfu, samskipti við annað fólk, fjölskyldu, á vinnustað og í skóla. Gert er ráð fyrir að stofnunin haldi skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Ennfremur að stofnunin annist mælingar fólks í fyrirbyggjandi tilgangi, svo sem fólks, sem vinnur í hávaða eða við eitrefni, sem ætla má að valdið geti skertri heyrn, einnig þess fólks, sem notar lyf, sem valdið getur heyrnartjóni. Í því tilvikum verður stofnunin að hafa samvinnu við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og jafnframt að sjá um heyrnarfræðilegar rannsóknir fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins svo sem hóprannsóknir og hávaðamælingar á vinnustöðum eftir því sem nauðsyn kann að þykja. Samvinnu við Öryggiseftirlit ríkisins yrði jafnframt hagað á svipaðan hátt. Þannig væri æskilegt að stöðin héldi námskeið í undirstöðuatriðum heyrnarmælinga og heyrnartækjameðferðar fyrir fólk, sem starfar á sviði heilsugæslu og kennslu.

Um 6. gr.

Stofnunin skal skipuleggja ferðir sérfræðinga, þ. e. a. s. lækna og heyrnaruppeldisfræðinga ásamt aðstoðarfólki til þess að aðstoða heyrnardaufa úti á landsbyggðinni. Slíkar ferðir skulu farnar árlega og oftast ef þurfa þykir. Heyrnar- og taluppeldisfræðingur færi árlega eftirlitsferð ásamt aðstoðarmanni í þá landshluta, sem fullskipaður vinnuhópur fer ekki í, þannig að árlega sé farið frá stofnuninni í alla landshluta. Stofnuninni ber að kappkosta að hafa sem best samstarf við Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Í skýrslu fyrirtækisins Mac Ractor AB frá október 1972 um hönnun Háls- nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, er fullhannað húsrými fyrir Heyrnar- og talmeinastöð ætlað öllu Íslandi. Er hún á sömu hæð og Háls- nef- og eyrnadeildarmóttöku spítalans er ætlaður staður, enda nauðsyn á náinni samvinnu þessara tveggja deilda. Stærð þessarar Heyrnar- og talmeinastöðvar er 358,5 m². Frá þjóðhagslegu og læknisfræðilegu sjónarmiði séð, er algjörlega óraunhæft að hafa fleiri en eina háls- nef- og eyrnadeild og eina heyrnar- og talmeinastöð á landinu. Sérmenntað starfslið er eins og er langt frá því nægilegt í landinu til að manna eina deild hvorrar tegundar, hvað þá fleiri.

Um 7. gr.

Til þess að sem best samræming náist á þessum málefnum er gert ráð fyrir að stofnunin hafi umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeini um meðferð þeirra. Hið sama gildi og svo um sérdeildir fyrir heyrnardaufa í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk. Slíkt verður að sjálfsögðu að gerast í fullu samráði við fræðslufirvöld, þ. e. a. s. skólastjóra og kennara viðkomandi skóla.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.